

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson, skipulagsfulltrúi
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 16. ágúst 2021
Tilvísun: 202107110 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Borgarbrautar 4, verslunar- og þjónustusvæði VP35

Rangárþing ytra hefur, með erindi dags. 26. júlí 2021, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. 16. júní 2021 með uppdrætti í mkv. 1:50.000 dags. 16. júní 2021.

Í breytingartillögunni felst að breyta 1,5 ha. af íbúðarbyggðinni ÍB15 í verslunar- og þjónustusvæði, VP35 þar sem heimilt er að vera með gistingu fyrir 40 gesti.

Með erindinu bárust umsagnir frá Minjastofnun Íslands dags. 11. maí 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 7. maí 2021 og Vegagerðinni dags. 13. ágúst 2021 sem gera ekki athugasemd við skipulagbreytinguna.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir